

UPPT2OF03

Heiti áfanga	UPPT2OF03 Skrifstofuforrit
Áfanganúmer	UPPT2OF03
Námsgrein	UPPT - Upplýsingatækni
Stutt áfangalýsing	<p>Þátttakendur fá þjálfun í ritvinnslu, töflureikni og gerð kynningarefnis. Notast er við staðbundinn hugbúnað og hugbúnað í skýinu. Nemendur fá enn fremur stuttar kynningar á ýmsum möguleikum varðandi nám á netinu. Hugað er að skipulegri vistun gagna og að koma þeim á framfæri bæði á pappír og á rafrænan hátt, svo sem með rafrænni prentun og deilingu í skýinu.</p>
Innihald áfanga	<p>Ritvinnsla: Gerð algengra skjala, s.s. ritgerða, ferilskráa, auglýsinga.</p> <p>Töflureiknir: Almenn notkun, svo sem gerð eyðublaða, áætlana og útreikninga, bæði með reikningsaðgerðum og algengum tölfræðiföllum.</p> <p>Kynningarforrit: Gerð einfaldra kynninga, sem nota texta, myndir, myndskleið til að miðla efni bæði á pappír, skjá og á netinu.</p> <p>Annað: Ýmsar stuttar kynningar á áhugaverðu efni.</p>
Aðferðafræði	<p>Nánast alfarið verkefnavinna undir handleiðslu kennara. Lítið er um fyrirlestra eða kennslu hóps, en þó eru af og til innlagnir um tiltekið efni. Hver þátttakandi fær lista yfir verkefni sem á að vinna. Hverju verkefni fylgja nákvæmar leiðbeiningar (að hluta með myndböndum) sem þátttakandi fer eftir á eigin hraða. Kennari er kallaður til ef útskýringa er þörf. En kennari fylgist einnig með framvindunni og grípur inn í eftir þörfum. Áhersla er lögð á að framvindan sé á ábyrgð þátttakanda. Hlutverk kennarans er að útskýra og örva einstaklinginn til dáða.</p>
Lokamarkmið	Að þátttakendur þekki til og hafi vald á algengum verkfærum sem notuð eru í fyrirtækjum og skólum.
Athugasemdir	Áfanganum UPPT2OF05 (samsvarandi gamla UTN103) var skipt í tvo hluta. Þessi áfangi nær yfir fyrri hluta efnisins og leggur áherslu á góða almenna kunnáttu í skrifstofuforritum Microsoft Office.
Prep	2
Einingar	Áfanginn gefur 3 (f)einingar.
Aðgreiningarbókstafur	OF (Office)
Dagsetning breytingar	26.05.2021
Útgáfunúmer	02
Forkröfur	Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið áfanga UPPT1GR00.
Höfundur	Jón B Georgsson